

**Nd.**

**255. Breytingartillögur**

[18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Gísla Guðmundssyni og Gunnari Jóhannssyni.

1. Við 25. gr.
  - a. 3. málsgr. orðist svo:

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50‰ til 1.20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.
  - b. Í stað „1.30“ í 4. málsgr. komi: 1.20.
2. Við 47. gr.
  - a. Orðin „Ef ástæða er til“ í 4. málsgr. falli niður.
  - b. Orðin „ef nauðsynlegt er“ í sömu málsgr. falli niður.
3. Við 50. gr. Í stað „45 km“ í 1. málsgr. komi: 35 km.